

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 8. fundur skólanefndar
28. apríl 2004 – haldin á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eypór Benediktsson, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen, Guðbjörg Aðalbergisdóttir og Pétur Ingi Guðmundsson. Björg Ágústsdóttir boðaði forföll

Formaður setti fund kl. 16:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

- 1. Ráðningarmál**
- 2. Önnur mál**

1. Ráðningar :

Guðbjörg kynnti umsóknir þær sem borist hafa um kennarastöður í íslensku, lífsleikni, stærðfræði og dönsku. Jafnframt lagði hún tillögur að ráðningu í stöðurnar fyrir skólanefnd og voru þær samþykktar.

Þá voru kynntar umsóknir um starf skrifstofumanns sem jafnframt sér um fjármál, tillaga skólameistara um ráðningu í stöðuna var samþykkt.

Næst verða auglýstar stöður húsvarðar, námsráðgjafa í samvinnu við Grunnskóla Snæfellsbæjar, umsjón bókasafns (50%) og enskukennara.

2. Byggingin:

Samkvæmt upplýsingum frá bygginganefnd eru framkvæmdir við bygginguna á áætlun.

3. Önnur mál:

Góð mæting verður í móttöku til fjölskyldu Halldórs Finnssonar á sunnudaginn.

Fundi slitið kl 16:20